

Nd.

1177. Frumvarp til laga

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 1018, með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu váttryggðar í váttryggingarstofnum, er bankastjórnin telur góða og gilda.

Lánsupphæð má ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ af virðingarverði fasteignarinnar.